

22. janúar 2018

Fundur í stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla 22.janúar kl.16:45

Mættir: Karl Þránínsson, Guðrún Lára, Sólveig Ásgeirsdóttir, Guðrún Valdimarsdóttir, Elfa Þöll.

Forföll boðuðu: Systa og Alma

Félagsgjöld:

Umræða um félagsgjöldin, EP bar upp tillögu að senda fyrst á foreldra og óska eftir millifærslu en ákveðið að senda frekar út greiðsluseðla. EP tekur að sér að klára bréf til foreldra í vikunni og GV mun svo senda út greiðsluseðla. Alla skólastjóri tekur að sér að tala við Helenu ritara um að fá kt. Foreldra. Rukkum nú 2000kr og 2500kr í haust.

Samstarf við Breiðagerðisskóla og Víkin:

EP segir frá samtali við Fannar íþróttastjóra Víkings um samstarf í forvarnarmálum, hann hefur tekið vel í samstarfið. Einnig segir EP frá samtölum við Örnunni formann FF í Breiðagerðisskóla, í samráði við hana og hverfismiðstöð var ákveðið að halda bekkjarfulltúanámsskeið. Bekkjarfulltrúanámsskeið í samstarfi við Breiðagerðisskóla 31.1. og fá að hafa það í Réttó, kl.19:30-21:30

Rætt um sjálfstyrkingarnámsskeið:

Fáum tilboð frá Kvan, Út fyrir Kassann, Hugarfrelsi, EP tekur að sér að leita til boða.

Þurfum að fá staðfestingu frá Magga Stef, EPG tekur að sér að ýta við honum. Þarf að fara að auglýsa

Páll Ólafsson frá Barnavernd hefur annað slagið komið með uppeldisfyrirlestur, tengt uppeldi til ábyrgðar. Nokkur umræða um hvaða fræðslu við ættum að hafa fyrir yngri börn til móts við það sem eldri krakkar fá hjá Magga Stef í febrúar.

SÁ bendir á að erfitt að ætla að fræða allan skólann í einu, kannski gott að hugsa um að hafa fasta fræðslu fyrir ákveðna árganga. Allir sammála því að við þurfum að móta okkur stefnu og ekki ætla okkur of mikið í einu.

Stofnun Foreldraþorpsins: Elfa minnir á stofnfund og hvetur stjórnarmeðlimi til að mæta

Skólahjúkrun:

Vantar töluvert upp á viðveru í Fossó miðað við viðmið.

Alla talar um að erfitt sé að skilja hvert hlutverk skólahjúkrunarfræðinga sé, svoltið á reiki. Á stofnfundi Foreldraþorps verður fyrirlestur um hlutverk skólahjúkrunarfræðinga.

Alla er spurð að því hvort unnið sé eftir barnasáttmála SP og hún segir að það sé ekki gert með formlegum hætti en auðvitað unnið með ákvæði sáttmálans í viðeigandi kennslustundum.

Erindi frá skólastjóra:

Alla segir frá umræðu í skólaráði að breyta stundaskrá, láta alla byrja á sama tíma. Erfitt að eiga við morgunstundina sem er orðin mjög vinsæl, bæði húsnæði og mannskapur takmarkaður.

Skólinn komin í smá þrot. Frístundir hefjast ekki fyrr en kl.13:40 og því má skólinn ekki klárast fyrr hjá yngri börnum.

Bendir á að það sé hlutverk FF að fá bekkjarforeldra til að vera virkir í að tengjast foreldrum í bekknum.

Alla búin að tala við Rögnu tónmenntakennara um að gera óskalista vegna tónmenntastofu Besta forvörnin er að foreldrar þekkest. Stefnum á að halda bekkjarfundum fyrir foreldra á hverju hausti þar sem farið er yfir allt og foreldrar tengdir saman.

Fundi slitið kl.18:10